

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskóga-  
byggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun og deiliskipulagsbreytingu:

1. *Deiliskipulag frístundabyggðar, 2. hluti, í landi Leynis í Laugardal, Giljalönd og Gamlatún.*  
Gert er ráð fyrir 19 frístundahúsalóðum 4.400-8.200 m<sup>2</sup> að stærð. Einnig tveimur lóðum fyrir 11 gistiskála/hús til útleigu og svæði fyrir húsbíla, tjaldvagna og fellihýsi. Samþykkt í sveitarstjórn 28. nóvember 2006.
2. *Breyting á deiliskipulagi sumarhúsasvæðis í landi Snorrastaða, vestan Stekkár, Skógarbrekka í Laugardal.*  
Í breytingunni felst að 1,5 ha lóð, Skógarbrekku, er skipt niður í 3 lóðir. Sumarhúsin mega ekki vera stærri en 100 m<sup>2</sup> og útihús ekki stærri en 25 m<sup>2</sup>. Tvö hús eru þegar á lóðinni. Samþykkt í sveitarstjórn 25. júlí 2006.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingar-  
lög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 1. febrúar 2007.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 14. febrúar 2007